



Reykjavík, 19. júní 2025  
SFS22040100

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

---

**Efni:** *Tillaga um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt starfandi grunnskóla utan Reykjavíkur*

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2025-2026 verði eftirfarandi:

|                                                     |    |
|-----------------------------------------------------|----|
| Waldorfskólinn Lækjabotnum                          | 74 |
| Alþjóðaskólinn á Íslandi                            | 50 |
| Barnaskóli Hjallastefnunnar, Garðabæ og Hafnarfirði | 8  |
| Grunnskólinn NÚ, Framsýn                            | 20 |

Ákvörðun um viðmið verði tímabundinn og gildi til 1. júlí 2026, fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

### **Greinargerð:**

#### *I. Forsaga málsins*

Á fundi borgarráðs, þann 6. júní 2024, var lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. maí 2024, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 27. maí 2024 varðandi tillögu um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt starfandi grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2024-2025. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2025 og fyrir þann tíma skyldi tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Frá árinu 2016 hafa viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur verið ákveðin árlega.



*II. Helstu ákvæði laga um grunnskóla og reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla.*

Í 43. gr. a.-f. laga um grunnskóla nr. 91/2009 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Til samræmis við 1. mgr. 43. gr. a í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í lögum um grunnskóla er ekki gert ráð fyrir að þjónustusamningur sem staðfestur er af Mennta- og barnamálaráðuneyti sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið ekki aðkomu að málum er varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, með sama hætti og ef sjálfstætt rekinn grunnskóli er staðsettur í sama sveitarfélag og viðkomandi á lögheimili í. Á hinn bóginn hafa sveitarfélög almenna heimild í 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustustarfsemi sem þeim er lögum skylt eða heimilt að sinna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla eiga grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar/mennta- og barnamálaráðuneytis, rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda. Þá getur Reykjavíkurborg takmarkað hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélaginu ber að greiða kostnað af, sbr. 7. tl. 43. gr. a laga um grunnskóla, með hliðstæðum hætti og sveitarfélag sem sjálfstætt rekinn grunnskólar starfar í.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna leikskóla gildir í þeim tilvikum þegar barn sækir sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skulu lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag gera með sér samning á grundvelli 5. gr. grunnskólalaga áður en barn er innritað í viðkomandi skóla. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur gagnvart skólavist barnsins og ætti það lögheimili þar. Um framlag úr sveitarsjóði í slíkum tilvikum fer með sama hætti og vegna annarra barna sem sækja skóla sem reknir eru af sveitarfélögum utan lögheimilissveitarfélags.

Gera verður ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélags til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að framlagið skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

### *III. Sjálfstætt starfandi grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu*

Með tölvubréfum, dags. 20. maí 2025, óskaði skóla- og frístundasvið eftir upplýsingum frá neðan greindum sjálfstætt starfandi grunnskólum um fyrirhugaðan fjölda reykvískra nemenda á skólaárinu 2025-2026 og athugasemdum ef einhverjar væru við að halda hámarksfjölda reykvískra nemenda í skólanum óbreyttum frá þessu skólaári.

#### ***Waldorfskólinn Lækjarbotnum***

Skólaárið 2024-2025 stunda 52 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaársins 2024-2025 var 74.

Með tölvubréfi, dags. 23. maí 2025, fulltrúi skólanefndar að fyrirhugaður fjöldi reykvískra nemenda á skólaárinu 2025-2026 lægi á bilinu 60-65, innan samþykks hámarksfjölda nemenda. Því voru ekki gerðar athugasemdir við að halda hámarksfjölda óbreyttum.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna á skólaárinu 2025-2026 verði óbreytt eða 74 nemendur.

#### ***Alþjóðaskólinn á Íslandi***

Skólaárið 2024-2025 stunda 34 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaárið 2024-2025 var 50 nemendur.

Með tölvubréfi dags. 3. júní 2025, skólastjóri Alþjóðaskólans að skólinn hefðu engar athugasemdir við að halda hámarksfjölda reykvískra nemenda óbreyttum.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna á skólaárinu 2025-2026 verði óbreytt eða 50 nemendur.

#### ***Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði***

Skólaárið 2024-2025 stunda 4 reykvískir nemendur nám við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaársins 2024-2025 var 8.

Í tölvubréfum dags. 28. maí frá framkvæmdastýru Hjallastefnunnar og skólastýrum Barnaskólans í Hafnarfirði og Garðabæ voru engar athugasemdir gerðar við að halda hámarksfjölda reykvískra nemenda óbreyttum.



Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna á skólaárinu 2025-2026 verði óbreytt eða 8 nemendur.

#### **Grunnskólinn NÚ, Framsýn**

Skólaárið 2024-2025 stunda 5 reykvískir nemendur nám í Grunnskólanum NÚ, Framsýn. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2024-2025 er 20 nemendur.

Með tölvubréfi dags. 1. júní frá menntastjóra NÚ, kom fram að á skólaárinu 2025-2026 væri ráðgert að fimm reykvískir nemendur myndu stunda nám við skólann og að engar athugasemdir væru gerðar við óbreyttan hámarksfjölda nemenda.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna á skólaárinu 2025-2026 verði óbreytt eða 20 nemendur.

#### **IV. Fyrirvarar og gildistími**

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaársins 2025-2026.

#### **V. Upplýsingar um fjárhagslega áhrif**

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 3.000.291,- í apríl 2025, samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Miðað við að greitt sé 80% af þeirri fjárhæð, til samræmis við framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 2.400.233,- (dreifist á níu mánuði, september til maí).

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er erfitt að tilgreina væntan fasta kostnað Reykjavíkurborgar pr. nemanda. Hann er mismunandi eftir skólum. Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum í Reykjavík. Breytilegur kostnaður ræðst af því úr hvaða skólahverfi væntanlegur nemi í sjálfstætt starfandi skóla kemur.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt starfandi grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2024 vegna fjárhagsáætlunar 2025. Skóla- og frístundaráð fær breyttar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 19. júní, liggur fyrir.



## VI. Afgreiðsla málsins

Með vísan til framanritaðs er lagt til að samþykkt verði að setja framangreind viðmið um leyfilegan hámarksfjölda reykvískra nemenda, þ.e. nemenda með lögheimili í Reykjavík, sem heimilt er að greiða framlag vegna á skólaárinu 2025-2026, með fyrirvara varðandi afgreiðslu einstakra umsókna og um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.